



## Veruleg minnkun atvinnuleysis í júní og mun líklega minnka áfram

*Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í júní 7,4% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 9,1% frá því í maí. Um 14.300 manns voru á atvinnuleysissskrá í júní.*

Ekki er lengur um að ræða atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið þar sem henni lauk í maí. Því var heildaratvinnuleysi í júní einnig 7,4% samanborið við 10,0% í maí og minnkaði þannig um 2,6 prósentustig milli mánaða. Í júní 2020 var almennt atvinnuleysi 7,5% og það hefur því minnkað um 0,1 prósentustig á einu ári.

Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu milli maí og júní. Mest dró úr atvinnuleysi á Suðurnesjum, um 5,0 prósentustig og svo um 2,6 prósentustig á Suðurlandi. Atvinnuleysi er eftir sem áður mest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en það er ekki lengur tvöfalt meira á Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu eins og hefur verið marga síðustu mánuði.


Vinnuálastofnun spáir því að áfram dragi úr almennu atvinnuleysi og að það verði í kringum 6,5% í júlí, m.a. vegna árstíðarsveiflu og sérstaks atvinnuátaks stjórnvalda. Atvinnuleysi hefur nú minnkað sex mánuði í röð og orðið nokkuð ljóst að hámarki atvinnuleysis hefur verið náð.

Atvinnuleysið var hins vegar um 5% í upphafi ársins 2020 og því enn dálítið í land þar til við sjáum aftur svipað atvinnuleysisstig og þá.

### Atvinnuleysi dreifist tiltölulega jafnt


Í nýlegri skýrslu OECD um Íslands kemur það sjónarmið fram að atvinnuleysi hafi ekki bitnað sérstaklega illa á einstökum hópum. Þannig hafi atvinnuleysi karla og kvenna verið svipað í gegnum kreppuna og atvinnuleysi ungs fólks þróast með svipuðum hætti og atvinnuleysi almennt. Líklegt er að aukin skólaganga hafi dregið eitthvað úr atvinnuleysi yngri aldurshópa.

Skráð atvinnuleysi 2020 og 2021



Heimild Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í maí og júní 2021



Heimild: Vinnuálastofnun



## Staðan enn alvarlegust á Suðurnesjum

Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 13,7% í júní og minnkaði um 5 prósentustig frá maí.

Almennt atvinnuleysi þar var 24,5% í janúar og hefur nú minnkað fimm mánuði í röð, alls um 10,8 prósentustig. Almennt atvinnuleysi á því svæði er ekki lengur tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða 7,9%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 5,4%. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur.

## Lausum störfum fjölga hlutfallslega mest á Suðurlandi

Alls voru 1.854 ný störf auglýst í júní, en þau voru 1.972 í apríl. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf eða 510 störf. Þann 6. júlí voru um 11.259 störf í boði hjá Vinnumálastofnun og hafði þeim fjölgað um 7% frá því í júní.


Flest starfanna eða 54%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurlandi og 10% á Suðurnesjum. Lausum störfum fjölgaði á öllum svæðum, hlutfallslega lang mest milli mánaða á Suðurlandi, um 24%, og þar næst á Austurlandi, um 13%.

Um 45% lausra starfa er í greinum sem tengjast ferðaþjónustu. Lausum störfum fjölgaði í öllum greinum milli mánaða nema í opinberri þjónustu og farþegaflutningum með flugi.


## Ástæða til bjartsýni

Eins og áður segir lítur út fyrir að þróunin verði áfram niður á við varðandi atvinnuleysi í þessari kreppu. Árangur í bólusetningum er farinn að koma í ljós og nú er mikið horft til baráttunnar við faraldurinn í helstu viðskiptalöndum okkar sem hefur óneitanlega töluverð áhrif á þróun atvinnuleysis hér á landi.

Fjöldi starfa í boði



Fjöldi starfa í boði



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.